

# KIRKJUGARÐARÁÐ

**27. fundur haldinn mánudaginn 14. febrúar 2005**  
**kl. 14:00 í fundarherbergi á fjórðu hæð Biskupsstofu.**

**Mætt voru:** Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson, Smári Sigurðsson og Kristín Huld Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins voru þau Arnheiður Hjörleifsdóttir formaður sóknarnefndar Saurbæjarsóknar á Hvalfjarðarströnd, Jón Valgarðsson frá Ferða-og atvinnumálanefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps og Sigurgeir Skúlason starfsmaður Kirkjugarðaráðs.

## 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundurinn var settur kl. 14:10 og var fundargerð síðasta fundar lögð fram. Fundargerðin var samþykkt eftir smávægilegar leiðréttingar.

## 2. Kynning á hugmyndum um að vekja athygli á sögu Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd og minningunni um sr. Hallgrím Pétursson

Arnheiður Hjörleifsdóttir formaður sóknarnefndar Saurbæjarsóknar á Hvalfjarðarströnd og Jón Valgarðsson frá Ferða-og atvinnumálanefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps kynntu verkefnið *Saurbær – menning og saga*, þar sem hugmyndin er að vekja athygli á sögu Saurbæjar og minningu sr. Hallgríms Péturssonar.

Áhugi er á að huga að verndun og uppbyggingu sögu, menningar og náttúru í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd. Formlegt samstarf Ferða-og atvinnumálanefndar og sóknarnefndar Saurbæjarsóknar hófst árið 2003. Nú þegar hafa verið lagðir göngustígar að markverðum stöðum, tengdum sögu sr. Hallgríms og lítil upplýsingaskilti hafa verið sett upp. Þá er í undirbúningi prentun kynningarbæklings og korts af staðnum.

Annar áfangi er hönnun og útfærsla móttökutorgs. Taka þarf ákvörðun um staðsetningu þess, umhverfi, stærð og fyrirkomulag. Fundurinn bað Arnheiði og Jón um að koma með tillögur varðandi ofangreind atriði og er Guðmundur reiðubúinn að aðstoða þau við útfærslu móttökutorgsins. Valtýr þakkaði fyrir góða kynningu og nefndi að vinna þyrfti að fjárhagsáætlun og framkvæmdaáætlun og að þeirri vinnu lokinni yrði hægt að taka efnislega ákvörðun varðandi verkefnið. Taldi hann verkefnið mikið þarfaping.

Þórsteinn og Smári tóku undir þessi orð. Þórsteinn nefndi að ef um útilistaverk væri að ræða væri hægt að fá Passíusálmana á ýmsum tungumálum. Nefndi hann sem dæmi að gestir gætu stutt á fána og hlýtt á sálmana á ýmsum tungumálum í hátalara. Kristín Huld bauð aðstoð Fornleifaverndar ríkisins og Guðmundur nefndi að hann hefði bent á Gunnar Bollason varðandi upplýsingamiðlun um minningarmörk og fleira. Formaður þakkaði fyrir kynninguna. Guðmundur mun bíða eftir að

Arnheiður og Jón kalli á hana eftir að þau funda um málið. Fundurinn ákvað að Guðmundur hafi milligöngu um að láta teikna torgið og að Sigurgeir vinni bækling fyrir fundargesti og komi að skiltum og kortagerð.

### 3. Tölvuteikning kirkjugarða – sýnishorn úr Rangárvallaprófastsdæmi

Með nýjum lögum er Kirkjugarðaráði falið að uppfæra legstaðaskrá. Nauðsynlegt er að uppreikna garða í tengslum við gjaldalíkanið. Sigurgeir hefur unnið þessa vinnu og sýndi fundinum sýnishorn af tölvuteikningu kirkjugarða úr Rangárvallaprófasts-dæmi. Sigurgeir fór yfir stöðuna og hvaða upplýsingar væru til, hvað væri búið að GPS-mæla og hvað væri til af legstaðaskrá. Akurey og Eyvindahólar eru komnir inn á gardur.is. Þeir mældu Keldur með GPS-punktum. Hægt er að setja leiðin inn á landskerfi með því að mæla þetta. Sigurgeir útskýrði að yfirleitt væri tekinn einn punktur hægra megin á leiðum en teknir eru fjórir punktar á stórum (tvöföldum leiðum). Sigurður Sigurðarson yfirdýralæknir teikaði garðinn upp árið 1975 eftir leiðsögn móður sinnar sem var frá Keldum. Sigurgeir og Guðmundur fóru í Haga og tóku punkta þar. Eftir er að fá skrána þaðan.

Varðandi Árbæ setti Sigurgeir gamla uppdráttinn yfir uppmælingu sína af garðinum og er þá hægt að rétt upp gamla uppdráttinn. Eyvindahólar eru komnir á netið en fara þarf yfir uppdráttinn af honum. Frá Háabæ fékkst tölvuteiknaður uppdráttur. Á Stórolfshvoli voru til gamlar teikningar í mörgum bútum sem var hægt að skanna og útbúa eina teikningu úr. Búið er að merkja bæði grafið og ógrafið þar. Þá fékkst mæling í Odda á Rangárvöllum.

Sigurgeir og Guðmundur ætla að nota þessa vinnu í Rangárvallaprófastsdæmi sem módel og taka fyrir hvert prófastsdæmi fyrir sig. Munu þeir fá senda gamla uppdrætti og legstaðaskrá frá þeim gördum þar sem þetta vantar. Þeir fá tölvutæk gögn fyrir 1. mars, heimsækja sóknarnefndir í byrjun apríl og 1. maí verða allir garðar í Rangárvallaprófastsdæmi komnir inn á gardur.is. Vilji þeirra stendur til að taka alla kirkjugarða svona fyrir, alla heimagrafreiti sem og alla aflagða garða. Telja þeir betra að vinna þetta á þennan hátt til að fá allar upplýsingar um hvern garð fyrir sig á einn stað.

Smári varpaði fram þeirri spurningu hvar hægt væri að draga mörkin varðandi þjónustu og hvort hver sem er gæti pantað svona ókeypis vinnu vegna gerðar tölvuuppdráttar. Guðmundur svaraði að þeir sem eru með 500 eða færri gjaldendur þyrftu ekki að greiða fyrir uppdrætti heldur aðeins þeir sem eru með fleiri en 500. Smári vildi nota þetta sem dæmi til að vinna út frá og finna kerfi varðandi greiðsluna.

### 4. Staðan varðandi kynningu á nýju tekjuútteilingunni til kirkjugarða

Þórsteinn tilkynnti að kynningin á nýju tekjuútteilingunni til kirkjugarðanna væri komin í gang. Þrjár færslur hafa komið í gegnum vefinn. Guðmundur mun koma upplýsingunum í bókhalðið. Verið er að vinna „excel-skjalið“ núna og er hægt að fella það að Oracle-kerfinu. Fjársýsla ríkisins fékk samhæfðan lista í morgun (14. febrúar) og verður greiðslan fyrir janúar greidd út á morgun. Þeir kirkjugarðar sem ekki eru komnir inn nú þegar koma inn í sjálfvirka kerfið fyrir 2006. Það voru 11 garða sem byrjuðu í sjálfvirka kerfinu. Komust garðarnir inn, því þeir höfðu uppfært legstaðaskrána skipulega. Hirðingarkostnaður (fastur kostnaður) kemur

mánaðarlega. Þeir sem ekki eru inni í kerfinu fá ekki 18% og verða að kalla eftir því.

- 5. Kynning á nýrri reglugerð um greiðslu prestþjónustukostnaðar við útfarir**  
Ný reglugerð um greiðslu prestþjónustukostnaðar við útfarir var lögð fram til fróðleiks. Þórsteinn sagði að hún hefði verið kynnt Prestafélagi Íslands. Þórsteini var falið af stjórn KGSÍ, sem formanni, að vera í sambandi við Ólaf Jóhannsson formann Prestafélagsins um sameiginlega yfirlýsingu frá þeim og KGSÍ um túlkun varðandi ferðagreiðslur.

Valtýr þurfti að víkja af fundi kl. 16:15. Fundurinn ákvað að Kirkjugarðaráð sjái um að kynna fyrir kirkjugarðsstjórnnum og prestum nýja reglugerð. Kirkjugarðaráð felur Þórsteini að ræða við formann Prestafélagsins um túlkun á reglugerð nr. 155 frá 17. janúar 2005.

- 6. Bréf til Vegagerðarinnar vegna kirkjugarðsins á Hallormsstað**  
Guðmundur sendir bréf til Vegagerðarinnar vegna kirkjugarðsins á Hallormsstað fyrir hönd Kirkjugarðaráðs. Nefndi hann að þetta væri áhugavert verkefni. Hlutverk Kirkjugarðaráðs sé skv. lögum að merkja gamla kirkjugarða. Hann ætlar að aðstoða heimamenn við merkja gamla kirkjustæðið og láta útbúa söguskilti um garðinn auk þess að ræða við Vegagerðina um að búa til lítið bílaplan í tengslum við garðinn.
- 7. Samkeppni um nýja þjónustumiðstöð fyrir Gufuneskirkjugarð**  
Fundurinn ræddi um samkeppni um nýja þjónustumiðstöð fyrir Gufuneskirkjugarð. Guðmundur lagði til að Kirkjugarðaráð færi upp í kirkjugarðinn í vor og skoðaði hann og fyrirhugað skipulag.
- 8. Önnur mál**  
Undir liðnum önnur mál kom fram að nauðsynlegt sé að ljúka málinu varðandi kostnaðarskiptingu Kirkjugarðaráðs og sveitarfélaga varðandi framkvæmdir við kirkjugarða. Ýta þarf málinu áfram þannig að það sé í höfn fyrir aðalfund Kirkjugarðasambands Íslands í maí. Óskað er eftir að Valtý sé falið að fá álit Sambands íslenskra sveitarfélaga á fyrirbyggjandi drögum um samráðsreglur varðandi kostnaðarskiptingu framkvæmda við kirkjugarða sem lögð voru fyrir Kirkjugarðaráð í haust.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 16:45.

---

Ragnildur Benediktsdóttir,  
formaður

---

Kristín H. Sigurðardóttir, ritari